



1434. fundur bæjarstjórnar verður haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
þann 12.5.2026 og hefst kl: 17:00

2605-3426

Dagskrá

1. 2603-2455 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2025 - A hluti

Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2025 - A hluti. Bæjarráð hefur staðfest ársreikninga Aðalsjóðs og Eignasjóðs með undirritun sinni og lagt til við bæjarstjórn að ársreikningar Aðalsjóðs, Eignasjóðs, Byggðasafnsins í Görðum og Fasteignafélags Akraneskaupstaðar slf. vegna ársins 2025 verði samþykktir og fyrri umræða bæjarstjórnar um ársreikningana fór fram á 1433. fundi bæjarstjórnar þann 28. apríl sl. Rekstrarniðurstaða A-hluta fyrir fjármagnsliði og óreglulega liði, er jákvæð um 6,2 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 96,8 m.kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta er jákvæð um 408,5 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 13,7 m.kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Lykiltölur A-hluta: Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga: Rekstrarjöfnuður síðustu þriggja ára í m.kr. er 957,517 en nam 494,170 árið 2024. Skuldaviðmið er 68% en var 71% árið 2024. EBITDA framlegð er 4,03% en var 2,24% árið 2024. Veltufé frá rekstri er 13,34% en var 6,70% árið 2024. Skuldahlutfall (skuldir/rekstrartekjum) er 110% en var 121% árið 2024. Eiginfjárhlutfall er 44% en var 43% árið 2024. Veltufjárhlutfall er 1,0 en var 1,05 árið 2024.

2. 2603-2456 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2025 - B hluti

Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2025 - B hluti. Bæjarráð hefur staðfest ársreikning Gámu með undirritun sinni og lagt til við bæjarstjórn að ársreikningar Fasteignafélagsins ehf., Gámu, Háhita ehf. og Höfða hjúkrunar og dvalarheimilis vegna ársins 2025 verði samþykktir og og fyrri umræða bæjarstjórnar um ársreikningana fór fram á 1433. fundi bæjarstjórnar þann 28. apríl sl. Rekstrarniðurstaða B-hluta fyrir fjármagnsliði og óreglulega liði var neikvæð um 118,8 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir um 110,7 m.kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða B-hluta var neikvæð um 115,0 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir um 114,8 m.kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu.

3. 2604-2982 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2025 – Samstæða

Samstæðureikningur Akraneskaupstaðar 2025. Bæjarráð hefur staðfest samstæðuársreikning Akraneskaupstaðar 2025 með undirritun sinni og lagt til við bæjarstjórn að reikningurinn verði samþykktur og fyrri umræða bæjarstjórnar um áreikninginn fór fram á 1433. fundi bæjarstjórnar þann 28. apríl sl. Rekstrarniðurstaða Akraneskaupstaðar, A- og B- hluta, fyrir fjármagnsliði og óreglulega liði, var neikvæð um 38,9 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 130,3 m.kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða samstæðureiknings Akraneskaupstaðar með óreglulegum liðum var jákvæð um 293,5 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 101 m.kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Lykiltölur samstæðu: Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga: Rekstrarjöfnuður síðustu þriggja ára í m.kr. er um 617,2 en nam um kr. 222,4 árið 2024. Skuldaviðmið er 65% en var 67% árið 2024. EBITDA framlegð er 3,48% en var 2,13% árið 2024. Veltufé frá rekstri er 11,34% en var 5,73% árið 2024. Skuldahlutfall (skuldir/rekstrartekjum) er 105% en var 113% árið 2024. Eiginfjárhlutfall er 41% en var 40% árið 2024. Veltufjárhlutfall er 0,97 en var 0,95 árið 2024.

4. 2601-0028 ÍA - rekstur,samskipti og samningur 2026

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum nr. 3624 þann 7. maí sl. fyrirleggjandi tillögu um nýjan þjónustusamning Akraneskaupstaðar og Íþróttabandalags Akraness og vísaði málinu til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

5. 2603-1888 - Mannauðs- og launakerfi - Kynningar og val á kerfi

Bæjarráð samþykkti viðauka nr. 5 á fundi sínum nr. 3621 þann 26. mars sl. og vísaði honum til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar. Viðaukinn er vegna úthlutunar á viðbótarfjármagni vegna nýs launakerfis, samtals að fjárhæð kr. 5.191.500, er fært á deild 21670-4992 og er mætt með lækkun á áætluðum rekstrarafgangi ársins 2026.

6. 2601-1079 - Fjöliðjan - húsnæðismál / Smiðjuvellir 9 frjáls skráning leigusala

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum nr. 3621 þann 26. mars sl. viðauka nr. 6 og vísaði honum til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar. Viðaukinn er vegna úthlutunar viðbótarfjármagns til Fjöliðjunnar samtals að fjárhæð kr. 2.112.00, vegna útgjalda sem óhjákvæmilega falla til vegna leigu á stærra rými en var í fyrri leigusamningi. Fjármagninu er ráðstafað innan fjárhagsáætlunar af deild 20830-4995 og inn á tilteknar deildir sem tilheyra Fjöliðjunni skv. meðfylgjandi fylgiskjali.

7. 2604-2862 - Kirkjugarður Akraness - kostnaður við jarðvegsskipti

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum nr. 3623 þann 30. apríl sl. viðauka nr. 7 og vísaði honum til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar. Viðaukinn er tilkominn vegna úthlutunar fjármuna til Akraneskirkju vegna endurgreiðslu á fyrirleggjandi kostnaði vegna jarðvegsskipta sem fram fóru árið 2023 og eru að heildarfjárhæð kr. 4.074.000 og byggir endurgreiðslan á viðmiðunarreglum Kirkjugarðaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga um kirkjugarðsstæði og fleira frá 1. júlí 2015. Útgjöldunum er mætt innan fjárhagsáætlunar með úthlutun fjármagns af deild 20830-4995 og fært á deild 11230-4636.

8. 2604-3126 - Erindi leikskólastjóra til skóla- og frístundaráðs Barngildi í leikskólum

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum nr. 3623 þann 30. apríl sl. viðauka nr. 8 og vísaði honum til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar. Viðaukinn er vegna úthlutunar viðbótarfjármagns til leikskóla Akraneskaupstaðar, samtals að fjárhæð kr. 16,8 m.kr. , vegna aukningar barngilda í elsta árgangi leikskólanna úr 0,8 í 1,0. Fjármagniið er fært á rekstrardeildir leikskólanna samkvæmt rétttri hlutfallsskiptingu miðað við barngildi hvers skóla fyrir sig og er mætt með lækkun á væntum rekstrarárgangi ársins 2026. Gera þarf ráð fyrir þessari breytingu við komandi fjárhagsáætlunargerð vegna ársins 2027 en áætlaður heildarkostnaður breytingarinnar á ársgrunni er um 40,0 m.kr.

9. 2604-3210 - Erindi frá leikskólastjórum um breytingar á reiknilíkani leikskólanna

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum nr. 3623 þann 30. apríl sl. viðauka nr. 9 og vísaði honum til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar. Viðaukinn er vegna úthlutunar viðbótarfjármagns til leikskóla Akraneskaupstaðar samtals að fjárhæð kr. 4.584.000. Fjármagnið er fært á rekstrardeildir leikskólanna samkvæmt rétttri hlutfallsskiptingu miðað við útreikninga samkvæmt reiknilíkani og er mætt með lækkun á væntum rekstrarafgangi ársins. Áætlaður heildarkostnaður á ársgrundvelli er um 11,0 m.kr. og gera þarf fyrir þessari aukningu við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2027.

10. 2602-1575 - Hljóðkerfi fyrir Akranesvöll

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum nr. 3623 þann 30. apríl sl. viðauka nr. 10 og vísaði honum til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar. Viðaukinn er vegna úthlutunar viðbótarfjármagns til íþróttamiðstöðvarinnar Jaðarsbökkum að fjárhæð kr. 3.675.000 vegna kaupa á hljóðkerfi fyrir Akranesvöll á þeim forsendum að búnaðurinn verði hluti af almennum búnaði íþróttamiðstöðvarinnar og geti nýst öðrum íþróttafélögum á svæðinu. Fjármagninu er ráðstafað innan fjárhagsáætlunar af deild 20830-4660 og inn á deild 06510-4660.

11. 2604-3359 - Fjárhagsáætlun 2026 - sameiginlegur viðauki

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum nr. 3624 þann 7. maí sl. viðauka nr. 12 og vísaði honum til bæjarstjórnar til endanlegrar samþykktar. Um sameiginlegan viðauka bæjarráðs er að ræða en í honum eru ýmsar ráðstafanir, bæði á tekju- og útgjaldahlið en einnig eru gerðar tilteknar umsvifamiklar aðgerðir sem hafa ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins. Þar er helst að nefna hækkun prósentu fjármagnskostnaðar sem var hækkuð úr 4,5% í 6,5% og hefur áhrif á innri leigu sbr. meðfylgjandi fylgiskjal viðaukans. Heildarfjárhagsleg áhrif viðaukans er tekjuaukning að fjárhæð kr. 152.070.000.

12. 2601-0830 - Beiðni Klifurfélags Akraness um kaup á dýnum

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum nr. 3624. þann 7. maí sl. viðauka nr. 13 og vísaði honum til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar. Viðaukinn er vegna úthlutunar viðbótarfjármagns til íþróttamannvirkja Akraneskaupstaðar samtals kr. 2.590.000 vegna kaupa á dýnum sem verða hluti af almennum búnaði íþróttamannvirkjana. Fjármagnið er fært á deild 06520-4660 og er mætt með lækkun á væntum rekstrarafgangi ársins 2026.

13. 2505-2509 Tillaga að breytingu á framlagi frístundastyrkja

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum nr. 3624 þann 7. maí fyrirbyggjandi tillögur um breytingar á frístundastyrkjum og að gert verði ráð fyrir þessari breytingu við komandi fjárhagsáætlunargerð vegna ársins 2027. Breytingin er áætluð að fjárhæð 10,3 m.kr. á árinu 2027.

14. 2512-5181 - Reglur vegna umsókna um menningarstyrki teknar til endurskoðunar

Uppfærðar reglur vegna menningarstyrkja Akraneskaupstaðar.

15. 2604-3252 - Fyrirhuguð stækkun Dvalarheimilisins Höfða

Á fundi bæjarráðs nr. 3624 þann 7. maí sl. lýsti ráðið yfir vilja sínum til að farið yrði í stækkun Hjúkrunar- og dvalarheimili Höfða um allt að 60 hjúkrunarrými í samvinnu við félags- og húsnæðismálaráðuneytið og Hvalfjarðarsveit og vísaði málinu til endanlegrar ákvörðunar bæjarstjórnar.

16. 2601-0713 - Nýtt deiliskipulag Kirkjubraut

Skipulags- og umhverfisráð fjallaði á fundi sínum nr. 352 þann 4. maí sl. um tillögu að nýju deiliskipulagi Kirkjubrautar að loknum auglýsingatíma og samþykkt framlagða samantekt skipulagshönnuðar og lagði til við bæjarstjórn að tillagan verði samþykkt og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

17. 2604-3387 - Suðurgata 57 - Breyting á deiliskipulagi

Lögð er fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits vegna Suðurgötu 57. Tillagan felur í sér hækkun núverandi húss um eina hæð, þannig að það verði fjórar hæðir með kjallara, auk þess sem gert er ráð fyrir auknu byggingarmagni. Nýtingarhlutfall hækkar úr 1,36 í 1,78. Jafnframt er gert ráð fyrir breyttri starfsemi í húsinu, þar sem áformað er að starfrækja hótél á efri hæðum og veitingastað á jarðhæð, ásamt fjölnotasal á 4. hæð. Svæðið er skilgreint sem miðsvæði í Aðalskipulagi Akraness 2021–2033 og er tillagan í samræmi við stefnu aðalskipulags um þéttingu byggðar og blandaða starfsemi í miðbæ. Kynningarfundur með íbúum og hagsmunaaðilum var haldinn 27. apríl þar sem um 85 manns mættu. Viðbrögð voru almennt jákvæð og fram komu ábendingar sem unnið hefur verið með við frekari útfærslu tillögunnar. Skipulags- og umhverfisráð þakkar íbúum Akraness fyrir góða þátttöku og uppbyggilega umræðu. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits vegna Suðurgötu 57, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

18. 2604-2974 - Stefna og viðbragðsáætlun í EKKO málum - Afgreiðslur ráða

Drög að stefnu og viðbragðsáætlunar Akraneskaupstaðar í EKKO málum var til umfjöllunar á fundi bæjarráðs þann 16. apríl sl. og þá vísað til fagráða Akraneskaupstaðar en gert er ráð fyrir að bæjarstjórn geti afgreitt málið á lokafundi sínum þann 12. maí nk. Fagráð Akraneskaupstaðar hafa síðan tekið stefnuna til umfjöllunar og samþykkt hana fyrir sitt leyti og vísað til bæjarstjórnar til afgreiðslu. Velferðar- og mannréttindaráð árettaði mikilvægi skýrra verkferla og leiðbeininga til að tryggja gagnsæi málsmeðferðar.

19. 2601-0265 - Húsnæðisáætlun 2026

Yfirlit frá Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun vegna stöðu húsnæðisuppbyggingar í sveitarfélaginu og verkefna sveitarstjórnar á sviði húsnæðis- og skipulagsmála.

20. 2604-3159 - 3623. fundur bæjarráðs

3623. fundargerð bæjarráðs frá 30. apríl 2026.

21. 2605-3423 - 3624. fundur bæjarráðs

3624. fundargerð bæjarráðs frá 7. maí 2026.

22. 2604-2932 - 351. fundur skipulags- og umhverfisráðs

351. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 28. apríl 2026.

23. 2604-3180 - 352. fundur skipulags- og umhverfisráðs

352. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 4. maí 2026.

24. 2604-2990 - 265. fundur velferðar- og mannréttindaráðs

265. fundur velferðar- og mannréttindaráðs frá 21. apríl 2026.

25. 2604-3187 - 266. fundur velferðar- og mannréttindaráðs

266. fundur velferðar- og mannréttindaráðs frá 5. maí 2026.

26. 2604-3243 - 284. fundur skóla- og frístundaráðs

284. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 6. maí 2026.

27. 2601-0928 - Fundargerð apríl 2026 Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili

171. fundargerð stjórnar Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis frá 27. apríl 2026.

28. 2602-1290 - Fundargerð apríl 2026 Samband íslenskra sveitarfélaga

997. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 17. apríl 2026.

29. 2602-1293 - Fundargerð 20.03.2026 Faxaflóahafnir

266. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna sf. frá 20. mars 2026.

Akranesi, 12. maí 2026
Valgarður Lyngdal Jónsson